



Það sést hér á bak sigurvegarans á afmælistóti Landsbankans, en Hannes Hlífar á hér í höggi við Ingvar Ásmundsson. (Tímamynd Sverrir)

Afmælistótt Landsbankans

Hannes Hlífar sigurvegari

Þann 1. júní sl. var haldið skákmót Landsbanka Íslands. Þar leiddu saman hesta sína skákmenn sem voru með bestu skákmönnum Íslands á árunum 1955-1960, yngstu og efni- legustu skákmenn landsins í dag og

fjórir af fremstu skákmönnum Landsbankans. Það var hinn efni- legi skákmaður Hannes Hlífar Stefán- son sem sigraði á mótinu með 9 1/2 vinning, en Guðmundur Pálmason varð annar með 9 vinninga.

Heildarverðlaun á mótinu voru 100.000 kr. og afhenti Lúðvík Jó- s- epsson sigurlaunin í mótslok, fyrir hönd bankaráðs Landsbanka Íslands.

Umferðaróhapp í Dýrafirði:

Missti stjórn á bílnum og endaði niðrí fjöru

Bíllinn mikið skemmdur en ökumaðurinn minna meiddur en á horfðist

Ungur maður missti stjórn á bíl sínum við Nauteyrarhlíð í Dýrafirði í gærdeg með þeim afleiðingum að bíllinn fór út af og rann niður hlíðina og endaði í flæðarmálinu. Bíllinn, sem er að Subaru-gerð, skemmdist töluvert og ökumaðurinn var fluttur með sjúkrahúsi til Ísafjarðar þar sem gert var að meiðslum hans. Hann lá á sjúkrahúsinu í nótt en mun að öllum líkindum fá að fara

heim í dag.

Maðurinn var á leið inn eftir firðinum er hann missti stjórn á bílnum og fór of utarlega í lausamöl- ina. Þar rann bíllinn til og út af veginum og rann niður eftir grasvax- inni brekkunni allt niður í fjöru þar sem hann maraði í hálfu kafi í flæðarmálinu. Greiðlega tókst að ná manninum upp og hann reyndist minna slassaður en á horfðist. -gse

Lítil endurnýjun í Reykjavík

Mikil endurnýjun á sér stað í sveitarstjórnnum á landinu í kjölfar kosninganna á laugardaginn. Það á þó ekki við um Reykjavík. Aðeins tveir fulltrúar sem aldrei hafa setið borgarstjórnarfund náðu kjöri. Það eru þau Ární Sigfússon (S) og Kristín

Á. Ólafsdóttir (Abl).

Aðrir borgarfulltrúar, sem nú koma inn sem nýir aðalmenn hafa setið sem varamenn í borgarstjórn Reykjavíkur. Það er þau Jóna Gróa Sigurðardóttir (S), Sigrún Magnúsdóttir (F) og Bjarni Magnússon (A).

Norræna húsið:

Verk eftir Jón Nordal

Á dagskrá Listahátíðar í dag verður flutningur tónlistar eftir Jón Nordal í Norræna húsinu og hefst dagskráin kl. 20.30.

Jón Nordal hefur samið fjölmörg tónverk sem vakið hafa verðskuld- aða athygli heima og erlendis. Meðal þeirra er Choralis sem sellósnill- ingurinn og hljómsveitarstjórninn Rostropovich hlutaðist til um að hann semdi. Var það verk flutt í tengslum við norrænu menningar-

kynninguna Scandinavia To-day í Bandaríkjunum 1982.

Jón Nordal hefur lagt mikið af mörkum til íslensks tónlistarlífs og er óneitanlega eitt af fremstu tón- skáldum þjóðarinnar. Tónleikarnir í Norræna húsinu, þar sem eingöngu verða flutt verk eftir Jón, eru haldnir honum til heiðurs í tilefni sextugsaf- mælis hans. Kennarar úr Tónlistar- skólanum í Reykjavík flytja verkin, en þar hefur Jón verið skólastjóri um árabil.

Þrjár bílar í árekstri:

Ók í veg fyrir bíl

Missti stjórn á bílnum og endaði á ljósastaur

Ökumaður Volgu-bifreiðar ók í veg fyrir Lödu-bifreið er hann hugðist beygja inn Hofsvallagötu frá Hringbraut í gær. Ökumaður Lödu-bifreiðarinnar var á leið vestur eftir Hringbraut og ók inn í hlíðina á Volgunni með þeim afleiðingum að ökumaður hennar missti stjórn á bílnum og endas- entist upp Hofsvallagötu þar til hún stöðvaðist á ljósastaur. Ljósastaurinn beygladist og það hrundi úr honum yfir Volvo- bifreið er var á leið suður Hofsv- allagötu. Enginn meiddist við þetta en bílarnir eru töluvert skemmdir og er Volgan sýnilega verst farin og allt að því óný. -gse



Jón Nordal, tónskáld og skólastjóri

Flugvél stefnt til lendarar á Reykjavíkflugvelli:

Með drykkjulæti í talstöðinni

Lögreglan færði flugmann og farþega til yfirheyrslu er flugvélin lenti

Flugvélinni TF-POP var gert að lenda á Reykjavíkflugvelli á laug- ardaginn eftir að einn farþega henn- ar hafði verið með drykkjulæti í talstöðinni og truflað með því flug- umferðarstjórn.

Þessi farþegi er einn af eigendum flugvélarinnar og fékk hann þá hug- mynd á laugardaginn að fylgjast með kosningum á Akureyri. Þar sem hann var ekki í ástandi til þess að fljúga fékk hann kunningja sinn til að skutla sér á vélinni. En þegar uppí loftið kom varð maðurinn full heimakær og vildi sjá um talstöðvar- sambandið. Þetta áttu flugumferðar- stjóra erfitt með að lifa og endaði það með því að flugvélinni var gert að lenda.

Eftir að vélin hafði lent frekar harkalega á flugbrautinni og flug- manni verið vísað á flugskýli 1 þráðust mennirnir í vélinni við og vildu fara í annað skýli. Þá brá einn af starfsmönnum flugmálastjórnar sér upp í jeppa og ók fyrir vélina og tókst að stöðva hana og leiða hana á rétta leið. Lögreglan kom á flugvöll- inn og hafði með sér flugmann og farþega niður á stöð og flutti þá síðan á sjúkrahús svo taka mætti af þeim blóðprufu.

Flugmaðurinn reyndist allsgáður en málið var sent til rannsóknarlög- reglunnar og voru mennirnir yfir- heyrðir. Rannsóknarlögreglan hefur sent málið til umsagnar til loftferða- eftirlitsins. -gse


Kjarvalsstaðir:

Sundurleit Reykjavík

Sýningin „Reykjavík í myndlist“ er ekki mjög góð sýning. Til þess er hún alltof sundurleit og verkin of misjöfn að gæðum. Hún er því traudla áhugaverð, og þó að á annað hundrað verk hafi verið til að velja úr, á ég bág með að trúa því að hún gefi nokkuð þversnið af því hvernig íslenskir listamenn líta borgina.

En þó að sýningin sé að þessu leyti misheppnuð, er auðvitað ekki svo að ekki megi finna þar nokkuð til að gleðja augað. Af öllum þeim mál- verkum, þar sem Esju bregður fyrir eru tvær sem skera sig úr hópnum. N.A.T.O. eftir Hallgrím Helgason, þar sem köld birta ríkir í myrkrunu og Reykjavík, eftir Guðrúnu Tryggvadóttur. Reykjavík er ólík fyrri myndum Guðrúnar sem ég hef séð og eru í henni stílbrigði í ætt við fyrirnefndan Hallgrím og Luisu Matthíasdóttur, auk þess sem surr- ealískum fótleggjum er brugðið þvert yfir myndina. Myndir Ágústs Peter- sen eru auðvitað jafn ásjálegar þó þær deili plássi með sér lakari mynd- um og sama gildir um myndir Dada Guðbjörnssonar.

Hápunkt sýningarinnar er þó sennilega að finna í tíu tréskúlptúr- um Sæmundar Valdimarssonar, er bera heitið Í Laugardalslundinum. Sem í flestum verkum naivista er



Í Laugardalslundinum I.-X. (Tímamynd Pétur)

innileikinn áberandi, en jafnframt eru þessir skúlptúrar gæddir sér- kennilegri klassískri fágun.

Það má kannski segja um þessa sýningu að það hafi verið margir tilkallaðir, en fáir frambærilegir gef- ið sig fram og því ekki margir útvaldir.

Er hugsanlegt að yrkisefnið, Reykjavík, hafi ekki þótt nægilega áhugavert, eða var það eitthvað annað sem fældi frá? phh

Harður árekstur á horni Skúlagötu og Barónsstígs:

Tveir ökumenn á slysadeild

Bifreiðarnar mikið skemmdar

Harður árekstur varð á horni Barónsstígs og Skúlagötu um há- degisbilið í gær. Eins og flestir kannast við er mikil umferð um Skúlagötu á þessum tíma og getur verið erfitt að komast frá Skugga- hverfinu og yfir Skúlagötu. Öku- maður á japönskum fólksbíl reyndi í gær að smeygja sér frá Barónsstíg yfir Skúlagötu á leið niður í bæ. En

hann virðist hafa misreiknað fjar- lægd á milli bíla því annar japansk- ur bíll á leið austur eftir Skúlagötu skall á honum. Ökumenn beggja bifreiðanna voru fluttir mikið skornir á slysadeild, en þeir munu báðir hafa sloppið við alvarleg beinbrot. Báðar bifreiðarnar eru mikið skemmdar. -gse